

## 55. sveitarstjórnarfundur, Végarði 02.02 2010 kl. 13.30

---

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar, Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann Fr. Þórhallsson, Magnhildur Björnsdóttir og Þorvarður Ingimarsson, einnig var mættur Georg Pálsson stöðvarstjóri Fljótsdalsstöðvar.

Oddviti setti fund, bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár.

### Dagskrá

1. Málafni Kárahnjúkavirkjunar/Georg Pálsson stöðvarstjóri mætir til fundar.
2. Skýrsla oddvita
3. Skipun 2ja fulltrúa í skólanefnd Hallormsstaðaskóla
4. Breyting á 50 gr.samþykktu Fljótsdalshrepps v/skólasamnings
5. Drög að samstarfssamningi vegna vatnsveitu að Skriðuklaustri
6. Viðauki við þjónustusamning milli Fljótsdalshrepps og Markaðsstofu Austurlands
7. Deiliskipulag sumarþustaðahverfis Víðivöllum ytri 1
8. Bréf
  - a) Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið dags. 14.01
  - b) Umhverfisstofnun dags. 05.01
  - c) Sýslumaðurinn á Seyðisfirði dags. 13.01
  - d) ÚÍA ódags.
9. Fjarbeiðnir
  - a) Meistaradeild Austurlands í hestaíþróttum
  - b) Pétur Guðmundsson
  - c) Markaðsstofa Austurlands 20.01
10. Fundargerðir
  - a) Almannaþingarnefnd 12.11
  - b) Stjórnarfundur Héraðsskjalasafna Austfirðinga 26.11
  - c) Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 26.11
  - d) Stjórnarfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 26.11
11. Önnur mál

#### 1. Málafni Kárahnjúkavirkjunar/Georg Pálsson stöðvarstjóri mætir til fundar.

Georg sagði frá starfsemi virkunarinnar og rædd voru nokkur sameiginleg hagsmunamál sveitarinnar og fyrirtækisins, s.s. sýning í Végarði, sauðfjárveikivarnarlínur, rýmingaráætlun vegna mögulegs stíflurofs, ungmennavinna og fl. Næsta sumar verður í fyrsta skipti Ufsalón tæmt og skolað út.

*Georg yfirgaf fund um kl. 14.30*

**2. Skýrsla oddvita.** Í yfirlýsingu SSA frá 27.janúar sl. kemur fram að stjórn sambandsins hvetur Matvælastofnun til að framselja til HAUST ýmis eftirlitsverkefni sem stjórnin

telur að sé betur fyrirkomid heima í héraði , auk þess sem fleiri verkefni styrki starfsemi Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Allt útlit er fyrir að rekstur Dvalarheimilis aldraðra á Egilsstöðum verði jákvæður á árinu 2009.

Sveitarfélögum stendur til boða að gerast aðilar að miðlægrri náttúruvefsjá með gögn sín. Náttúruvefsjanni er ætlað að setja fram og gera aðgengilega landupplýsingar til almennings og fyrirtækja.

Félags-og tryggingarmálaráðneytið hefur uppfært tekju-og eignamörk vegna félagslegra leiguíbúða og einnig uppfært eignamörk vegna húsaleigubóta. 8 einstaklingar úr Fljótsdal voru á skrá vegna húsaleigubóta á síðasta ársfjórðungi 2009.

Húseigendur í Fljótsdal eiga nú að hafa fengið í hendur niðurstöður segulsviðsmælinga sem Rafskoðun vann fyrir Brunamálastofnun, rafmagnsöryggissvið, skömmu fyrir jól. Einungis var um úrtak að ræða og því ekki skoðaðar og mældar aðstæður á öllum bæjum. Félagsheimilið Végarður var einn af þeim stöðum sem segulsvið var mælt í. Segulsvið sem mældist þar er langt innan skilgreindra marka, en nokkrar athugasemdir voru gerðar við töflumerkingar og tengingar. Brunamálastofnun mun svo senda sveitarfélaginu samantekt mælinganna.

Sótt var um styrk frá Ferðamálastofu til úrbóta á göngustíg að Hengifossi.

Skriðuklaustursrannsóknir lýsa yfir vilja til að taka að sér fornleifakannanir fyrir sveitarfélagið.

Nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út fyrir Félagsheimilið Végarð, leyfið gildir til 21.12 2021.

Samkvæmt íbúaskrá Fljótsdalshrepps 1. desember 2009 eru íbúar 89. Engir erlendir íbúar eru nú skráðir fullri heimilsskráningu á vinnubúðasvæðum

Jafnréttisstofa hefur ítrekað beiðni sína um afhendingu jafnréttisáætlunar sveitarfélagsins , ásamt framkvæmdaáætlun.

Landssamband hestamannafélaga hefur gefið út geisladisk sem sýnir helstu reiðleiðir á Íslandi. Sambandið minnir á að tekjur af hestatengdri ferðaþjónustu eru verulegar fyrir þjóðarbúið og hvetur sveitarfélög til að skerða ekki þær reiðleiðir sem fyrir eru og vinna í að bæta og styrkja þessar reiðleiðir ,ásamt áningarstöðum og skiptihólfum. Æskilegt er að skiptihólf séu með u.þ.b. 8-10 km millibilum.

Fjarðabyggð hefur tilkynnt Fljótsdalshéraði, Fljótsdalshreppi og Seyðisfjarðakaupstað að aðeins verði tekið við sorpi frá þessum sveitarfélögum til urðunar í Þernunesi til loka febrúarmánaðar. Unnið er að því að leysa sorpurðunarmálin með öðrum hætti.

Landsvirkjun hefur sent skýrsluna LV-2009/145 “Hreindýratalningar norðan Vatnajökuls með myndatöku úr flugvél 2009,,.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hafa reiknað út endanleg framlög ársins 2009. Fljótsdalshreppur fær úthlutað framlögum vegna fasteignaskattsjöfnuðar og fólksfækkunar alls um 17 millj.

**3.Skipun 2ja fulltrúa í skólanefnd Hallormsstaðaskóla.** Samþykkt að fulltrúar sveitarfélagsins í skólanefnd verði Margaret Johnson og Gunnþórunn Ingólfssdóttir, til vara Sigríður Björnsdóttir og Þorvarður Ingimarsson. Skipunartími er fram yfir sveitarstjórnarkosningar, að þeim loknum er skipað að nýju í nefndir á vegum sveitarfélagsins.

**4.Breyting á 50 gr.samþykkt Fljótsdalshrepps v/skólasamnings.** Samþykkt er eftirfarandi breyting á 50. gr. samþykkt sveitarfélagsins: Skólanefnd grunnskóla: Tvo fulltrúa og tvo varafulltrúa í Skólanefnd Hallormsstaðaskóla skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og samþykkt þar að lútandi.

Sveitarstjórn telur æskilegt að heildarendurskoðun á Samþykkt um stjórn og fundarskóp Fljótsdalshrepps fari fram á næsta kjörtímabili..

**5.Drög að samstarfssamningi vegna vatnsveitu að Skriðuklaustri.**

Kynnt drög að samningi vegna vatnsveitu sem forstöðumaður Gunnarsstofnunar hefur gert. Málið verður unnið áfram.

**6.Viðauki við þjónustusamning milli Fljótsdalshrepps og Markaðsstofu Austurlands** Sveitarstjórn samþykkir viðaukann fyrir sitt leyti þ.e. samning fram á mitt ár 2010.

**7.Deiliskipulag sumarbústaðahverfis Víðivöllum ytri 1.** Fyrir liggja umsagnir eftirfarandi stofnana: Vegagerðarinnar, Umhverfisstofnunar, HAUST og Minjavarðar Austurlands. Skipulagsráðgjafi er lagfæra greinargerð í samræmi við framkomnar athugasemdir. Í umsögn Minjavarðar kemur fram að það þurfi að fara fram fornleyfaskráning á deiliskipulagsvæðinu. Oddvita falið að leita eftir tilboði frá Skriðuklaustursrannsóknnum í skráninguna.

**8.Bréf**

- a. Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið dags. 14.01. Varðar fjárhagsáætlun. Kynnt,
- b. Umhverfisstofnun dags. 05.01. Kynnir að dregin hafi verið til baka ákvörðun um afnám endurgreiðslu vegna refaveiða á árinu 2010. Kynnt.
- c. Sýslumaðurinn á Seyðisfirði dags. 13.01. Ósk um samþykki sveitarfélagsins um að afskrifa opinber gjöld á grundvelli árangurslauss fjárnáms. Samtals 7.718.534- Samþykkt.
- d. ÚÍA ódags. Varðar stuðning sveitarfélaga við íþróttastarfsemi. Oddvita falið að svara erindinu og þeim spurningum sem þar koma fram.

## 9.Fjárbeiðnir

- a) Meistaradeild Austurlands í hestaþróttum. Samþykktur styrkur kr. 50.000-
- b) Pétur Guðmundsson. Samþykktur er styrkur vegna skólagöngu haustannar 2009, kr. 60.000-  
*Anna Jóna vék af fundi vegna vanhæfis við afgreiðslu b liðar*
- c) Markaðsstofa Austurlands 20.01. Óskað þátttöku sveitarfélagsins vegna markaðsstarfs og auglýsinga. Samþykkt þátttaka kr. 50.000-

## 10.Fundargerðir

- d) Almannaþingarnefnd 12.11. Kynnt.
- e) Stjórnarfundur Héraðsskjalasafna Austfirðinga 26.11. Sveitarstjórn styður breytingu á reglum um bókasafn Halldórs Ásgrímssonar og Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur sem stjórn Skjalasafnsins hefur unnið drög að, og lýsir ánægju með að lagt er til að framlög til bókasafnsins verði tengd árlegum framlögum aðildarsveitarfélaganna.
- f) Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 26.11. Kynnt
- g) Stjórnarfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 26.11. Kynnt.

## 12. Önnur mál.

- a) Jóhann sagði frá nýafstöðum aðalfundi Barra hf og áætlunum um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækisins. Stefnt er að auka hlutfé félagsins um 30 millj. og að ná þannig jafnvægi á starfsemi félagsins.
- b) Samþykkt eftirfarandi bókun vegna fyrirætlana ríkisstjórnarinnar um sameiginlegt atvinnumálaráðuneyti.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps telur hugmyndir ríkisstjórnarinnar um sameiningu iðnaðarráðuneytis við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið ganga gegn hagsmunum undirstöðuatvinnuvega þjóðarinnar þ.e. landbúnaði og sjávarútvegi. Sveitarstjórn hvetur ríkisstjórn og þingmenn til að leggja hugmyndina til hliðar og einbeita sér að því að halda úti öflugum ráðuneyti landbúnaðar- og sjávarútvegs.

- c) Samþykkt eftirfarandi bókun vegna yfirvofandi lokunar starfsstöðvar RÚV á Austurlandi.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps lýsir yfir óánægju með ákvörðun yfirstjórnar RÚV að leggja niður starfsstöð svæðisútvarpsins á Austurlandi og telur það aðför að fréttáflutningi af svæðinu og mikla afturför, ef af verður.

Stjórn RÚV er hvött til að hætta við að leggja starfsstöðina niður og efla þess í stað fréttáflutning af landsbyggðinni eins og stofnunin ber að gera vilji hún áfram kalla sig “útvarp allra landsmanna”. Skorað er á ráðherra mennta- og menningarmála og þingmenn kjördæmisins að láta málið til sín taka.

- d) Jóhann sagði frá námskeiði (Orkubóndinn) sem hann sat og var á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar og sagði þar hafa verið kynntir möguleikar húseigenda á styrkjum vegna t.d. vegna viðarkyndistöðva og bættrar orkunýtingu. Jóhann lagði til að fulltrúi Orkusjóðs yrði fenginn á til að koma á fund sveitarstjórnar til viðræðna um þessi mál.
- e) Rætt um tilhögun hreindýraveiða og ókosti því samfara að lengja veiðitímabilið á svæði 1 og 2 til 20. september, en með lengingu veiðitímabilsins er meiri hætta á árekstrum við smalamennskur í Fljótisdal.
- f) Oddviti kynnti fyrirætlun sinni um að sækja námskeið og sagði að af þeim sökum gæti komið til einhverra lokanna á skrifstofu sveitarfélagsins í Végarði.
- g) Magnhildur situr fyrir hönd sveitarfélagsins í svæðisráði Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs og sagði hún frá gangi verndaráætlunar og fleiri málum sem fjallað er um í svæðisráði þ.a.m. að framkvæmdastjóri Vatnajökulspjóðgarðs teldi engin tormerki á að það tækist að opna Gestastofu á Skriðuklaustri í byrjun júní,eins og stefnt hefur verið að.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.00.

Þorvarður ritaði fundargerð.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Jóhann F. Þóhallsson (sign)

Magnhildur Björnsdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)